



# VÖRÐUR



VII. ár.

Reykjavík 19. október 1929.

47. blað.

## Jón Ólafsson alþingismaður sextugur.

1869 — 16. október — 1929.

Ókunnugum manni, sem mætti Jóni Ólafssyni á götu, mundi ekki koma til hugar að hann hefði fyrir sjer sextugan mann. Hann myndi álita hann áratug yngri. Svo ósatt segir útlit Jóns um aldurinn. Maðurinn er svo traustlega bygður og knálegur, að engum dylist að hann á yfir að ráða álitlegum varasjóð óeyddrar orku og

fyrsta fjelag var „Alliance“ og hefir Jón verið framkvæmdarstjóri þess frá því árið 1911. Hefir stjórn hans á fjelaginu farið þannig úr hendi, að fjelagið er meðal öflugustu atvinnufyrirtækja hjer á landi. Auk þess hefir Jón verið meðstofnandi fjölda annara blómlegra fyrirtækja hjer í bænum og átt sæti í stjórn þeirra.

En jafnframt þessu margþætta og mikla athafnalífi hefir Jón tekið mjög mikinn þátt í opinberum málum, átt sæti í bæjarstjórn, niðurjöfnunarnefnd og gegnt fjölda annara umfangsmikilla opinberra starfa um langt skeið.

Haustið 1926 var Jón fyrst kosinn á þing og hefir setið á þingi síðan. Hefir framkoma hans verið svo á þingi, að hann mun þar jafnan talinn í röð nýttu þingmanna, gerhugall og



## Sighvatur Bjarnason bankastjóri.

*Ef heyr' eg göfugs manns getið  
mjer gefur i skjótu bragði sýn  
og virðist eg sjái Sighvat,  
og salkynni hans af ljóma skín.*

*Í þinghá Þórketils Mána  
var þessi drengur og orðstír vann,  
frá öndverðu elskur að sunnu,  
af áhuga sýknt og heilagt brann.*

*Frá örbirgð og umkomuleysi  
til öndvegis ruddi hann sér braut  
— var einlægur, trúr og iðinn —  
með úrvals tápgóðum förunaut.*

*Og rétti þeim hjálparhendur  
í hljóði er bjó við nauman skamt,  
en ekki var öðlingi þessum  
að auglýsa hjartað létt né tamt.*

*En gjöfli hans gengur þó ekki  
til grafar með þeim, sem burtu fer,  
hún varir um aldur og æfi  
og ófæddri kynslóð vexti ber.*

*Á enni öldungs var birta  
sem eigi mun forsælu verða að bráð;  
á lávarð lífsins hann trúði  
og ljóssins og fól honum alt sitt ráð.*

*Hjá Sighvati síðdegis löngum  
var setið og rætt um hugðarmál  
og áhuga umsjáslumanna,  
og eldinn og kjarnann i stórrí sál.*

*Og menningar máttarviði  
og mannrænu þá, sem rís á legg.  
En hornauga hinn var litinn,  
er hafði i bruggi seyrna dregg.*

*Með þakklæti þann skal kveðja,  
er þjóð sinni störfin lét i té  
og arfleiddi ókominn tíma  
og óborna kynslóð að miklu fé.*

*Í þingliði Þórketils Mána  
var þjónusta Sighvats góð og löng  
til framaverkanna fýsandi æ,  
bar fána hreinan á merkisstöng.  
Guðm. Friðjónsson.*